



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

# Stjórnarráðsreiturinn í Reykjavík

Kristinn Magnússon  
Sigurður Bergsteinsson

2018



*Ljósmynd á forsíðu*

Hluti rannsóknarsvæðis við Stjórnarráðið. Ljósmynd: Kristinn Magnússon.

© 2018

Minjastofnun Íslands

ISBN: 978-9935-9403-1-5

Öll réttindi áskilin

**Minjastofnun Ísland**

Suðurgata 39

101 Reykjavík

Iceland

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is

www.minjastofnun.is

## Efnisyfirlit

|                                                                           |           |
|---------------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>Grunnupplýsingar</b> .....                                             | <b>3</b>  |
| <b>1. Aðdragandi vettvangsferðar</b> .....                                | <b>4</b>  |
| <b>2. Staðhættir og fyrri rannsóknir</b> .....                            | <b>5</b>  |
| <b>3. Rannsóknin</b> .....                                                | <b>7</b>  |
| <b>4. Niðurstöður</b> .....                                               | <b>9</b>  |
| <b>5. Kröfur Minjastofnunar Íslands um áframhaldandi rannsóknir</b> ..... | <b>12</b> |
| <b>6. Heimildaskrá</b> .....                                              | <b>13</b> |
| <b>7. Myndaskrá</b> .....                                                 | <b>14</b> |
| <b>8. Viðaukar</b> .....                                                  | <b>14</b> |

## Grunnupplýsingar

### Málsnúmer Minjastofnunar Íslands:

201707-0010

### Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns Íslands:

Á ekki við

### Tilgangur vettvangsferðar:

Kanna mannvistarleifar undir sverði á lóð Stjórnarráðsins vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu með borun.

### Staðsetning:

Lóð Stjórnarráðshússins við Lækjargötu í Reykjavík

### GPS:

357189 408251

### Rannsóknartími:

21. og 28. nóvember 2017

### Starfsmenn í vettvangsferð:


Kristinn Magnússon og Sigurður Bergsteinsson

## 1. Aðdragandi vettvangsferðar

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði samband við Minjastofnun Íslands vegna framkvæmda sem fyrirhugað er að ráðast í á lóð Stjórnarráðshússins við Lækjartorg. Framkvæmdasvæðið er aftan við húsið. Suðurhluti þess er grasi vaxinn en nær Hverfisgötunni er bílaplan. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur óskað eftir því við Minjastofnun Íslands að stofnunin leggi mat á til hvaða ráðstafana þurfi að grípa vegna fornleifa á lóðinni.

Vitað er um nokkrar byggingar sem staðið hafa á lóð stjórnarráðsins í gegnum tíðina. Nánar verður gerð grein fyrir sumum þeirra hér neðar. Borgarsögusafn Reykjavíkur hefur gefið út skýrslu um svæðið, *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*.<sup>1</sup> Í henni er mjög greinargott yfirlit yfir hús og önnur mannvirki sem heimildir eru til um að staðið hafi á svæðinu í aldanna rás.

Á framkvæmdasvæðinu hefur orðið töluvert rask á síðustu áratugum. Lagnir hafa verið grafnar í jörðu, búið til bílaplan og yfirborð lóðarinnar lagfært. Ekki er fullvíst hversu mikið seinni tíma framkvæmdir kunna að hafa raskað eldri mannvirkjum og mannvistarlögum á lóðinni. Þá er heldur ekki vitað hversu þykk mannvistarlög eru á svæðinu, þ.e. hversu langt er niður á jökulruðning eða klöpp. Til að fá hugmynd um umfang fornleifarannsókna er mikilvægt að fyrir liggi hversu þykk þau lög sem hugsanlega þarf að rannsaka með fornleifauppgrefti eru. Til að meta þykkt mannvistarlaga og afla vitneskju um gerð þeirra ákvað Minjastofnun Íslands að nauðsynlegt væri að taka borkjarna með skipulegum hætti á svæðinu.



Mynd 1. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er afmarkað með gulum línunum.

<sup>1</sup> Anna Lía Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir. Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur 186.

## 2. Staðhættir og fyrri rannsóknir

Fornleifarannsóknir sem gerðar hafa verið í Aðalstræti, Suðurgötu, á Alþingisreit og nú síðast í Víkurgarði sýna að á þessu svæði er að finna ummerki um búsetu manna allt aftur á 9. öld. Hugmyndir hafa verið uppi um að upphaf búsetu í Reykjavík hafi verið þar sem Aðalstrætið er nú og í næsta nágrenni þess og að þar hafi Reykjavíkurbærinn staðið í aldir. Nýlegar rannsóknir í Lækjargötu 10-12 sýna að þar var skömmu eftir landnámið reistur bær. Það kann því að vera að fljótlega eftir að búseta hófst á einum bæ í Reykjavík hafi fleiri bæir risið í næsta nágrenni fyrsta bæjarins og að í Kvosinni hafi jafnvel myndast vísir að litlu þorpi. Vert er að hafa þetta í huga þegar ráðist er í framkvæmir í miðbæ Reykjavíkur. Minjar um langa búsetu kunna að leynast víðar á svæðinu en lengst af hefur verið talið.


Vegna endurbóta á Stjórnarráðshúsinu vorið 1997 hafði fornleifadeild Árbæjarsafns eftirlit með uppgrefti úr gólfum hússins. Gólfín voru endurnýjuð og um leið lækkuð um 30 cm. Í suðausturhluta hússins fundust leifar vegghleðslu sem talin var tilheyra byggingu sem þarna hefur staðið áður en Stjórnarráðshúsið var byggt. Byggingin var aldursgreind til um 1226 eða þar eftir út frá gjóskulagi.<sup>2</sup> Þetta eru elstu leifar um mannvist sem fundist hafa á lóð Stjórnarráðshússins. Í skýrslu Borgarsögusafns Reykjavíkur, *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*, segir að líklega séu þetta leifar útihúss frá Arnarhóli. Engin önnur mannvirki séu þekkt á lóðinni frá þessum tíma en ekki sé langt í eldri minjar á Arnarhóli.<sup>3</sup> Vegghleðslurnar voru ekki fjarlægðar og ekki grafið niður úr öllum mannvistarleifum. Leifar eldri mannvistar kunna því enn að leynast undir gólfi Stjórnarráðshússins.

Til eru upplýsingar um hús sem stóðu á lóð Stjórnarráðshússins á 19. öld og í upphafi 20. aldar.

Á uppdrætti Lieutenant Ohlsen & Aanum frá 1801, „Situations Kart over Byen Reikevig“, má sjá litla stakstæða byggingu við suðurvesturhorn hússins.<sup>4</sup> Í

húsakönnun kemur fram að litlir skúrar eða útbyggingar (kamrar) hafi verið við báða gafla hússins.<sup>5</sup>

Á uppdrætti Victors Lottin frá 1836 eru þrjú stakstæð hús á baklóðinni sem mynda vísi að húsagarði aftan við húsið (mynd 2). Árið 1821 var húsinu breytt í íbúð stiftamtmanns (Konungsgarður). Í virðingu frá 1874 er talað um geymsluhús sem áfast er við austurhlið hússins og líka annað geymsluhús á lóðinni.<sup>6</sup>



Mynd 2. Uppdráttur Victors Lottin frá 1836. Heimild: sjá fótnotu 6.

<sup>2</sup> Anna Lísu Guðmundsdóttir. Skýrslur Árbæjarsafns 67. Bls. 4.

<sup>3</sup> Anna Lísu Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir. Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur 186. Bls. 7.

<sup>4</sup> Einar S. Arnalds. Reykjavík. *Sögustaður við Sund*. 4. bindi. Bls. 23

<sup>5</sup> Nikulás Úlfar Músson og Helga Maureen Gylfadóttir. Skýrslur Árbæjarsafns 82, Reykjavík 2001.

<sup>6</sup> Ibid.



Á uppdrætti Sveins Sveinssonar frá 1876 eru tvö bakhúsanna við austurmörk lóðar horfin. Þess í stað gengur mjó álma út frá norðausturhorni hússins. Við suðausturhornið er lítil stakstæð bygging, mögulega sú sama og á kortinu frá 1836.

Á ljósmynd Sigfúsar Eymundssonar af Lækjartorgi (mynd 3) sem tekin er 1884 sést stakstætt timburhús sunnan og austan við Stjórnarráðshúsið. Húsið er klætt með standandi borðaklæðningu, dökkt að lit, með krossreistu mænispaki og snýr það gafl í átt að Lækjartorgi. Mynd frá sama sjónarhorni var tekin af Frederick W.W. Howell 1883-85. Húsið sést einning á mynd sem tekin er 1874.<sup>7</sup> Til er önnur mynd Sigfúsar Eymundssonar (mynd 4), tekin við Bakarabrekku og horft til vesturs, sem sýnir austurgafll timburhússins og hluta bakhliðar Stjórnarráðshússins í návígi. Á henni má greina hleðslur og steinalagnir á baklóð.<sup>8</sup>



Mynd 4. Mynd Sigfúsar Eymundssonar af Lækjartorgi. Heimild: sjá fótnótu 7.



Mynd 3. Ljósmynd Sigfúsar Eymundssonar tekin við Bakarabrekku. Heimild: sjá fótnótu 8.

Árið 1885 var áfasta geymsluhúsið rífið og nýtt byggt í staðinn.<sup>9</sup>

Á herforingjaráðskorti frá 1902 er fyrirkomulag bakhúsa óbreytt frá kortinu 1876. Á þeim tíma var húsið enn bústaður landshöfðingja.

Árið 1917 er geymsluhúsið frá 1885 rífið og nýtt byggt í staðinn. Austar á lóðinni er einlyft timburhús með inngönguskúr og var það íbúð dyravarðar.<sup>10</sup>

Á uppdrætti mælingadeildar Borgarverkfræðings af lóð Stjórnarráðsins, Lækjartorgi frá 1968 eru sýnd tvö stök hús á baklóðinni. Annað þeirra liggur samsíða Hverfisgötu í línu austur af norðausturhorni Stjórnarráðshússins. Hitt stendur enn, byggt fast upp við lóðamörk, áfast bakhúsi á aðliggjandi lóð. Aðaluppdrættir af þessum bakbyggingum eru í safni skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur en eru ekki aðgengilegir á netinu ([www.borgarvefsja.is](http://www.borgarvefsja.is)).

Í nýrri skýrslu Borgarsögusafn Reykjavíkur hafa verið tekið saman gögn um hús og önnur mannvirki sem staðið hafa á reitnum í gegnum tíðina, m.a. af gömlum kortum og þau sett saman í mynd, sjá mynd 5.<sup>11</sup> Um er að ræða mun fleiri

<sup>7</sup> Ljósmyndasafn Íslands, Sarpur


<sup>8</sup> Páll Línal. *Reykjavík sögustaður við Sund*. 1. bindi. Bls. 30.

<sup>9</sup> Nikulás Úlfar Músson og Helga Maureen Gylfadóttir. Skýrslur Árbæjarsafns 82, Reykjavík 2001.

<sup>10</sup> Ibid.

<sup>11</sup> Anna Lísu Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir. Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur 186. Bls. 17.

mannvirki en talin eru upp hér að farman. Betur er gerð grein fyrir öllum mannvirkjum á svæðinu í skýrslu Borgarsögusafnsins.



Mynd 5. Staðsetning horfinna húsa og annarra mannvirkja í nágrenni Stjórnarráðshússins. Borgarsögusafn Reykjavíkur tók saman. Heimild: sjá fótnotu 11.

### 3. Rannsóknin

Dagana 21. og 28. nóvember 2017 voru teknir borkjarnar á lóðinni til að kanna dýpt mannvistarlagar og gerð þeirra. Starfsmenn verkfræðistofnunnar Eflu, þeir Jón Haukur Steingrímsson jarðverkfræðingur og Baldur Gunnlaugsson garðyrkjutæknir sáu um borunina. Rörið sem borkjarnarnir voru teknir í var sérstaklega valið og skorið fyrir þetta verkefni. Vegna þess að búast mátti við töluverðri mól og grjóti undir yfirborðinu varð rörið að vera sterkara en það sem venjulega er notað til að taka borkjarna úr mannvistarlögum. Rörið var rekið niður með brothamri. Starfsmenn Minjastofnunar, fornleifafræðingarnir Kristinn Magnússon og Sigurður Bergsteinsson, sáu um að túlka og skrá borkjarnana. Oddur Magnússon umsjónarmaður húseigna forsætisráðuneytisins útbjó m.a. aðstöðu innanhús fyrir skoðun á borkjörnunum. Kunnum við honum bestu þakkir fyrir alla aðstoðina.

Borholurnar á túninu aftan við Stjórnarráðshúsið voru lagðar út í fjórum röðum með 5 metra bili á milli raða (sjá viðhengi 1). Sama fjarlægð, 5 m, var á milli hola í hverri röð. Boraðar voru 16 holur í túninu. Tvær holur, nr. 17 og 18, voru boraðar á grasigrónu svæði milli bílastæðisins og Hverfisgötu og fimm holur, nr. 19 – 23, voru boraðar á bílplaninu. Lang flestar holurnar voru boraðar niður á óhreyft, þ.e. klöpp, malarkamb eða jökulleir. Í einstaka tilfellum kann borinn að hafa stoppað á grjóthlöðnum veggjum mannvirkja sem kunna að leynast undir yfirborðinu.



Vegna þess að rörið var rekið niður af töluverðu afli með brothamri þjappaðist borkjarninn meira saman í rörinu en ef hægt hefði verið að reka rörið niður með handafli eða fótstigi. Samþjöppunin var mismikil milli borhola eða frá því að vera einungis um 5 % og upp í að vera rúmlega 35 %. Dýpt holu virðist ekki hafa haft áhrif á samþjöppunina og ekki er heldur hægt að sjá að ákveðin tegund jarðlaga, t.d. þykkari malarlög hafi haft áhrif á samþjöppunina.

Dýptin á borholunum var mismunandi eða frá 20 cm og niður í 233 cm.

Holurnar fjórar austast í túninu, fjærst Stjórnarráðshúsinu, voru nokkuð svipaðar að dýpt eða frá 53 cm og niður í 72 cm. Holurnar í næstu röð vestan við, holur 5 - 8, voru svipaðar á dýpt þótt munurinn væri nokkru meiri milli einstakar hola, eða frá 50 cm og niður í 90 cm. Holurnar í röðinni þar fyrir vestan, nr. 9 - 10, skera sig ekki mikið úr hvað dýpt varðar, eru frá 55 cm og niður í 92 cm. Vestan við þessa röð er stallur í lóðinni og er yfirborðið nokkru lægra næst húsinu. Þar voru teknar fjórar holur, nr. 13 - 16. Þessar holur skáru sig úr því borinn komst einungis rétt niður úr yfirborðslaginu, dýptin á þessum holum var 20 - 40 cm. Borholurnar sem teknar voru í túninu milli bílastæðisins og Hverfisgötu voru djúpar, eða 190 cm (hola 17) og 233 cm (hola 18). Grynnssta holan sem tekin var á bílastæðinu náði niður á 50 cm dýpi en sú dýpsta niður á 210 cm dýpi.



Mynd 6. Starfsmenn Eflu bora eftir kjarna. Ljósmynd: Kristinn Magnússon.

Undir yfirborði á öllu svæðinu voru lög af blandaðri mold, malarblandaðri mold, möl og steinum og hreyfðri mold. Í tíu holum fannst mannvist. Í öllum tilfellum var um hreyft lag að ræða, blöndu af mold og ummerkjum um mannvist, svo sem kolaagnir, múrsteinsbrot, þakskífubrot, járnbrott og beinflísar.

Á túninu aftan við Stjórnarráðshúsið fannst mannvist í einni holu (nr. 2) austast á túninu, í einni holu (nr. 8) í næstu holuröð og í öllum holunum í holuröð 9 - 12. Engin mannvist fannst í holuröðinni (13 - 16) næst húsinu. Misdjúpt var niður á mannvistarlagið í holunum eða frá 10 cm og upp í 63 cm. Ekki er út frá

Þessu hægt að greina mynstur í halla lagsins sem geymir mannvist í eina átt frekar en aðra. Þykkt þessa lags var einnig mjög mismunandi í túninu, frá 8 cm og upp í 59 cm. Ekki er hægt út frá niðurstöðum borkjarnatökunnar að segja að lagið þykkni eða þynnist í eina átt frekar en aðra.

Mannvist fannst í báðum holunum sem boraðar voru næst Hverfisgötunni, nr. 17 og 18. Í holu 17 fannst lag með mannvist á 37 cm dýpi. Lagið var 41 cm á þykkt. Annað lag, 16 cm þykkt, með mannvist í fannst á 133 cm dýpi. Hóla 18 var dýpsta holan, 233 cm. Í henni fannst moldarlag blandað mannvist (kol, múrsteinsbrot) á 32 cm dýpi. Lagið var 22 cm þykkt. Annað lag, 11 cm þykkt var undir þessu lagi. Í laginu var móöskublandin mold með kolaögnum. Engin mannvist fannst neðar en 65 cm þrátt fyrir að holan væri 233 cm djúp eins og áður segir.

Mannvist fannst í tveimur holum sem boraðar voru á bílaplaninu, nr. 19 og 22. Undir bílaplaninu var undirlag, um 50 cm lag af mól. Teknir voru borkjarnar með sverara röri niður fyrir þetta lag og hreinsað upp úr holunni með höndum. Sýnatökurörið var svo rekið niður frá botninum á þessum holum. Lögin sem geymdu þar mannvist lágu beint undir undirlagi bílaplansins á um 50 – 70 cm dýpi. Mannvistarlögin voru þykkari en í öðrum holum, 65 cm í holu 19 og 75 cm í holu 22. Þá voru lögin í þessum tveimur holum ríkari af vísbendingum um mannvist (viðarkol, múrsteinsbrot, bein, glerbrot) en mannvistarlög annars staðar á svæðinu. Hóla nr. 20 var boruð á milli hola 19 og 22, þ.e. norðan megin á bílaplaninu. Þegar komið var niður úr undirlagi bílaplansins í holu 20 varð ekki komist lengra. Hugsanlega var þar komið niður á steinhlaðin húsgrunn en á þessum stað munu mörg af þeim húsum sem áður voru á svæðinu hafa staðið. Tvær holur voru boraðar sunnan megin á bílastæðinu, nr. 21 og 23. Hóla 21 var 97 cm djúp og hóla 23 var 210 cm djúp. Lítið annað en mól var að finna í kjörnum þessara hola og engin vottur um mannvist.

Ef eitthvað er hægt að segja um dreifingu mannvistarlaga á svæðinu þá eru vísbendingar um að þykkt þeirra sé minnst á svæðinu miðju en þykkni til norðurs og suðurs.

#### 4. Niðurstöður

Tilgangur þessarar rannsóknar var að reyna að fá hugmynd um þykkt og gerð mannvistarlaga á svæðinu aftan við Stjórnarráðshúsið. Í þeim tilgangi voru tekin borkjarnasýni á 23 stöðum á skilgreindu framkvæmdasvæði austan við húsið.

Árið 2016 stóð Lísabet Guðmundsdóttir fyrir rannsókn á svæði sem afmarkaðist af Mæðragarðinum, túninu fyrir framan Menntaskóla Reykjavíkur og syðsta hluta Bakarabrekkunnar. Svæðið var rannsakað með borkjörnum líkt og gert var á reitnum aftan við Stjórnarráðshúsið. Í niðurstöðukafla skýrslu Lísabetar, *Könnun mannvistarleifa austan Lækjar. Borkjarnarannsókn sem fram fór í Mæðragarðinum, á túninu fyrir framan Menntaskólann í Reykjavík og Bakarabrekkunni*, segir m.a.: *Í Bakarabrekkunni var lítið um mannvist að*

*austanverðu en að vestanverðu voru torflög sem innihéldu mögulega landnámslagið. Hins vegar ber að taka þær niðurstöður með varúð þar sem miklar framkvæmdir áttu sér stað við breikkun Lækjargötu árið 1949 sem kann að hafa raskað svæðinu alfarið. Í túninu fyrir framan MR fundust tvö svæði þar sem mannvirki kunna að hafa verið. Í norðurenda voru torfrík lög sem hægt var að aldursgreina bæði fyrir og eftir 1500. Að sunnanverðu voru einnig torfrík lög með 1226 gjóskunni í torfi og í einum kjarna var 1500 gjóskan yfir torfinu... Í Mæðragarðinum hefur að öllum líkindum verið blautt tún og fundust ekki ummerki um byggð á því svæði. Hins vegar voru ruslalög í suðurenda garðsins sem ekki var hægt að aldursgreina auk þess var ekki í öllum tilfellum hægt að bora niður á óhreyfðan jarðveg.<sup>12</sup>*

Fróðlegt er að skoða umfjöllun í skýrslu Lísabetar um borkjarna sem teknir voru á túninu fyrir framan Menntaskólan í Reykjavík, þ.e. þá sem teknir voru næst skólahúsinu. Þessir borkjarnar voru ekki mjög þykkir, flestir 30 – 50 cm og upp í 70 cm þykkir. Undir yfirborðs og moldarlagi, oftast á um 30 cm dýpi, var ruslslag. Í laginu voru m.a. stein- og viðarkol, múrsteinsbrot, brennd bein og móaska. Lagið virðist ekki ólíkt laginu sem fannst undir yfirborðs- og moldarlagi á stjórnarráðsreitnum. Um þetta lag segir Lísabet: *Í suðausturhorni túnsins og rétt fyrir neðan stallinn sem MR stendur á eru þunn ruslalög með steinkolum, móösku og múrsteinsbrotum sem eru að öllum líkindum frá upphafsárum skólans og Íþöku, þ.e.a.s. frá seinni hluta 19. aldar.<sup>13</sup>*

Eins og áður er fram komið fundust leifar mannvirkis sem talið er vera frá því skömmu eftir 1226 í grunni Stjórnarráðshússins þegar unnið var að endurnýjun þess. Í skýrslu Lísabetar greinir hún frá því að rannsókn hennar bendi til að í suðurhluta túnsins framan við MR, við Bókhöldustíg, kunni að hafa verið mannvirki sem reist hafi verið eftir að gjóskulagið frá 1226 féll. Lísabet telur að hætt hafi verið að nota mannvirkið áður en gjóska féll yfir svæðið frá Kötlu árið 1500.<sup>14</sup> Vísbendingar úr báðum þessum rannsóknum benda til þess að svæðið austan Lækjar hafi verið nýtt af fólki á þann hátt að þar þótti nauðsynlegt að reisa mannvirki svo snemma sem á 13. öld.

Síðastliðið vor var unnið að færslu gatnamóta Geirsgötu og Kalkofnsvegar til suðurs. Jafnframt var lögð ný gangstétt meðfram Arnarhóli. Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur hafði eftirlit með framkvæmdunum. Ragnheiður skilaði greinargerð til Minjastofnunar Íslands um eftirlitið. Þar segir m.a.: *Við eftirlit í maí 2017 var ekki að sjá neinar fornleifar í þeim skurðum sem voru teknir neðan við Arnarhól og var frekar stutt niður á klöpp og alstaðar búið að skipta um jarðveg.<sup>15</sup>* Rannsóknin gaf ekki vísbendingar um að mannvistarlagi kynni að vera að vænta aftan við Stjórnarráðið.

<sup>12</sup> Lísabet Guðmundsdóttir. Könnun mannvistarleifa austan Lækjar. Borkjarnarannsókn sem fram fór í Mæðragarðinum, á túninu fyrir framan Menntaskólan í Reykjavík og Bakarabrekkunni. Bls. 15.

<sup>13</sup> Ibid. Bls. 12.

<sup>14</sup> Ibid. Bls. 12.

<sup>15</sup> Ragnheiður Traustadóttir. Bréf dags. 02.10.2017.

Árið 1993 stóð Árbæjarsafn fyrir fornleifaathugun á Arnarhóli vegna fyrirhugaðra jarðvegsframkvæmda á hólnum. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur framkvæmdi athuganirnar. Greint var frá niðurstöðunum í skýrslu Árbæjarsafns, númer 15, sem kom út það sama ár. Jarðsjármælingar voru gerðar á Arnarhóli dagana 5. og 6. maí 1993. Meginniðurstaða jarðsjármælinganna var að engar öruggar fornleifar komu í ljós, sem ekki var hægt að sjá fyrir mælingarnar. Útslag á jarðsjá gaf þó til kynna að hugsanlega væru leifar mannvirkja í jörðu á tveimur stöðum rétt norðan við Hverfisgötuna til móts við lóð stjórnarráðsins.<sup>16</sup>

Í skýrslu Árbæjarsafnsins er einnig gerð grein fyrir athugun á sniði í skurði sem Póstur og sími gróf niður eftir allri Hverfisgötu Arnarhólmeginn. Þar komu mannvistarlög í ljós á u.þ.b. 40 m löngum kafla næst Kalkofnsvegi. Sniðið var teiknað á tveimur eins meters löngum köflum í skurðinum. Annars vegar um 13 m fyrir ofan grunn gamla söluturnsins sem stóð á horni Hverfisgötu og Kalkofnsvegar (B1) og hins vegar um 36 m fyrir ofan grunn sama söluturns (S1). Staðirnir eru sýndir á korti í skýrslunni. B1 er á móts við Stjórnarráðshúsið en S1 að öllum líkindum rétt austan við lóðamörkin. Í B1 var mannvistarlag um 0,4 – 0,5 m undir yfirborði. Lagið var 0,3 m þykkt, dökkgrátt og lagskipt og samanstóð af mold, kolum, móösku og taði(?). Í S1 var 0,55 m þykkt mannvistarlag 0,25 – 0,30 m undir yfirborði. Mannvistarlaginu mátti skipta í tvö lög. Efra lagið var um 0,15 – 0,30 m þykkt og samanstóð af mold, sandi/grús, móösku og skeljum (mörgum brenndum). Neðra lagið var 0,1 – 0,17 m þykkt og var moldarkenndara, samþjappaðra og án skelja. Í því var móaska ofarlega og sennilega tað. Við hreinsun á sniðunum tveimur, og víðar í skurðinum, fundust sauðaleggir, fuglabein, fiskbein, skeljar, gler (flösku- og rúðugler), postulín, steingóss, múrsteinsbrot, norskt flöguberg (þakplötur), kox og fl.<sup>17</sup>

Fjallað er um aldur mannvistarlaganna í skýrslu Árbæjarsafnsins: „*Ef reynt á að setja þessi lög í sögulegt samhengi, er freistandi að ætla að efsta mannvistarlagið, lag 2 [moldarblandað og sandkennt, með móösku, gleri, postulíni, skeljum, kolum og flögubergi], sé frá síðustu öld og þessari og sé nátengt athöfnum manna við sjávarsíðuna (innflutningi-útflutningi). Lag 3a-b í sniði 3 [grásvart lag (mold-sandur) með tígulsteini og móösku], er sennilega tengt starfsemi tugthússins frá upphafi og fram á síðustu öld. Lag 3 í sniði 4 [samanþjappað moldarlag með taði (?), móösku í efra borði og án skelja], sem er elst, mætti ef til vill tengja landbúnaðarathöfnum“.<sup>18</sup> Töluverð líkindi eru með mannvistarlögum eins og þeim er hér lýst og þeim sem komu fram í borkjörnunum á stjórnarráðslóðinni. Þó virðast lögin norðan Hverfisgötunnar ríkari af móösku.*

Mikið rót hefur átt sér stað á svæðinu aftan við Stjórnarráðshúsið á síðustu áratugum og árhundruðum, hús hafa verið byggð og rifin og ný byggð í staðinn.

<sup>16</sup> Bjarni F. Einarsson. Skýrslur Árbæjarsafns 15, Reykjavík 1993. Bls. 7-9.

<sup>17</sup> Ibid. Bls. 5-6.

<sup>18</sup> Ibid. Bls. 6.

Bílaplan var búið til og gengið frá lóðinni. Í skýrslu Borgarsögusafns Reykjavíkur kemur fram að líklegt sé að lóðin austan við Stjórnarráðshúsið hafi verið lækkuð um 1 meter eða meira og þar með kunni minjar sem verið hafi á suðausturhluta lóðarinnar að hafa horfið.<sup>19</sup>

Samþjöppun jarðvegs í borkjörnum sem stuðst er við í þessari rannsókn gerir að túlkun kjarnanna er háð óvissu. Skýra lagskiptingu milli jarðlaga er ekki að finna. Í raun var einungis um að ræða sýnileg skil milli rótaðs jarðvegs af ýmsu tagi. Mannvist var þó greinileg á svæðinu og er hún bundin við lag sem er undir yfirborðslagi og hreinu moldarlagi eða undirlagi bílaplansins. Þykkt þessa lags er mjög mismikil frá einum stað til annars inna svæðisins og erfitt er að meta útbreiðslu þess á svæðinu. Hugsanlega er útbreiðslan svo óljós vegna þess að tilvist lagsins er bundin við leifar mannvirkja sem enn leynast undir yfirborðinu. Erfitt er að greina aldur þeirrar mannvistar sem fram kom í borkjörnunum en þó virðist óhætt að álykta að í borkjörnunum hafi ekki fundist eldri mannvistarleifar en frá byggingartíma Stjórnarráðshússins. Hafa ber þó í huga að undir sjálfu húsinu og á svæði nokkru sunnar hafa fundist merki um mannvirki sem líklega eru frá 13. öld.

## 5. Kröfur Minjastofnunar Íslands um áframhaldandi rannsóknir

Þegar malbik, gangstéttar og malar- og moldarlög tilheyrandi frágangi yfirborðs á svæðinu hafa verið fjarlægð má vænta þess að komið verði niður á blönduð mannvistarlög sem jafnvel eru rík af dýrabeinum og brotum úr hlutum af ýmsu tagi. Benda má á að þegar skurður hinum megin við Hverfisgötuna var kannaður árið 1993 fannst mikið af sauðaleggjum, fuglabeinum, fiskbeinum, skeljum, gleri (flösku- og rúðugleri), postulíni, steingóssi og múrsteinsbrotum. Ekki er eðlilegt að slíkir gripir komi fram í borkjarna nema í mjög litlum brotum. Þessi lög þarf að handgrafa. Bein og muni þarf að skrá og safna. Ef gert er ráð fyrir að mannvistarlagið ná yfir allan reitinn og sé að jafnað um 40 cm þykkt má ætla að lagið sem þarf að rannsaka með þessum hætti séu rúmir 500 m<sup>3</sup> (miðað við að reiturinn sé um 1300 m<sup>2</sup>). Vitað er að reist voru hús á svæðinu á 19. öld. Ef grunnar þeirra koma í ljós við uppgröftinn þarf að teikna útlínur veggja í plani og staðsetja þau nákvæmlega með GPS-mælingum. Gerð veggja skal lýsa í texta og með ljósmyndum. Veggirnir eru síðan fjarlægðir. Minjar allra eldri mannvirkja sem kunna að koma í ljós á svæðinu skulu rannsakaðar með hefðbundnum aðferðum fornleifafræðinnar. Í því felst m.a. að mæla þarf mannvirkin nákvæmlega upp, teikna þau, staðsetja nákvæmlega alla fundi sem tengjast þeim og taka sýni til frekari greiningar eftir því sem við á.

<sup>19</sup> Anna Lísu Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir. Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur 186. Bls. 19.



## 6. Heimildaskrá

Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir. *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*. Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur 186. Reykjavík 2017.

Anna Lís Guðmundsdóttir. *Framkvæmdaefirlit vegna fornleifa í grunni Stjórnarráðshússins*. Skýrslur Árbæjarsafns 67. Reykjavík 1998.

Bjarni F. Einarsson. *Arnarhóll. Greinargerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhóli í Reykjavík*. Skýrslur Árbæjarsafns 15. Reykjavík 1993.

Einar S. Arnalds. *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 4. bindi. Lykilbók. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. Reykjavík 1989.

Lísabet Guðmundsdóttir. *Könnun mannvistarleifa austan Lækjar. Borkjarnarannsókn sem fram fór í Mæðragarðinum, á túninu fyrir framan Menntaskólann í Reykjavík og Bakarabrekkunni*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2016.

Nikulás Úlfar Másson og Helga Maureen Gylfadóttir. *Húsakönnun. Bernhöftstorfa og nágrenni*. Skýrslur Árbæjarsafns 82. Reykjavík 2001.

Páll Línal. *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 1. bindi. Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. Reykjavík 1991.

### Óútgefnar heimildir:

Ragnheiður Traustadóttir. Bréf til Minjastofnunar Íslands, dags. 02.10.2017.

## 7. Myndaskrá

|                                                                                                                                                             |   |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---|
| Mynd 1. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er afmarkað með gulum línum. ....                                                                                        | 4 |
| Mynd 2. Uppdráttur Victors Lottin frá 1836. Heimild: sjá fótnótu 6. ....                                                                                    | 5 |
| Mynd 3. Ljósmynd Sigfúsar Eymundssonar tekin við Bakarabrekku. Heimild: sjá fótnótu 8. ....                                                                 | 6 |
| Mynd 4. Mynd Sigfúsar Eymundssonar af Lækjartorgi. Heimild: sjá fótnótu 7. ....                                                                             | 6 |
| Mynd 5. Staðsetning horfinna húsa og annarra mannvirkja í nágrenni Stjórnarráðshússins. Borgarsögusafn Reykjavíkur tók saman. Heimild: sjá fótnótu 11. .... | 7 |
| Mynd 6. Starfsmenn Eflu bora eftir kjarna. Ljósmynd: Kristinn Magnússon. ....                                                                               | 8 |

## 8. Viðaukar

Viðauki 1: Loftmynd sem sýnir staðsetningu borkjarna

Viðauki 2: Hnit og hæðartölur borkjarna

Viðauki 3: Teikningar af borkjörnum

## **Viðauki 1: Loftmynd sem sýnir staðsetningu borkjarna**

Loftmynd sem sýnir staðsetningu borkjarna. Minjastofnun Íslands janúar 2018



## Viðauki 2: Hnit og hæðartölur borkjarna




## Staðsetning borkjarna í ISN93 landshnitum


| Kjarni nr. | Austur   | Norður   | Hæð      |
|------------|----------|----------|----------|
| 1          | 357194.9 | 408242.6 | 7.812088 |
| 2          | 357192.6 | 408239   | 7.817122 |
| 2          | 357192.6 | 408239   | 7.808361 |
| 3          | 357189.9 | 408234.6 | 7.851317 |
| 4          | 357187.5 | 408230.5 | 7.872312 |
| 5          | 357183.5 | 408232.7 | 7.616433 |
| 6          | 357186.2 | 408236.3 | 7.574405 |
| 7          | 357188.5 | 408241   | 7.493671 |
| 8          | 357190.8 | 408245.4 | 7.433216 |
| 9a         | 357187   | 408247.7 | 7.241271 |
| 9b         | 357186.2 | 408247.7 | 7.230449 |
| 10         | 357183.8 | 408243.4 | 7.299084 |
| 11         | 357181.6 | 408239.3 | 7.292123 |
| 12         | 357178.8 | 408234.8 | 7.339698 |
| 13         | 357174.8 | 408237.4 | 6.705711 |
| 14         | 357177.3 | 408241.6 | 6.707018 |
| 15         | 357179.6 | 408245.6 | 6.681806 |
| 16         | 357182.1 | 408250.3 | 6.559852 |
| 17         | 357203.1 | 408270.8 | 6.437041 |
| 18         | 357197.7 | 408271.5 | 6.156021 |
| 19         | 357198.8 | 408263.4 | 7.411351 |
| 20         | 357203.5 | 408262.6 | 7.402286 |
| 21         | 357195   | 408256.7 | 7.510214 |
| 22         | 357205.8 | 408262.2 | 7.394388 |
| 23         | 357199   | 408254.2 | 7.564304 |

### **Viðauki 3: Teikningar af borkjöörnum**


St 1




St 2



St 3



St 4



## Skýringar:



Endi borkjarna




Botn borholu. Ath að  
stundum var borað  
tvisvar í sömu holu

St. 5

St. 6

St. 7

St. 8




## Skýringar:




Endi borkjarna

Botn borholu. Ath að  
stundum var borað  
tvisvar í sömu holu


## St. 9B




## St. 10



## St. 11



## St. 12




Skýringar:

— Endi borkjarna


Botn borholu. Ath að stundum var borað tvisvar í sömu holu




St. 13




St. 14




St. 15



St. 16



Skýringar:


-  Endi borkjarna
-  Botn borholu. Ath að stundum var borað tvisvar í sömu holu

St. 17

St. 18

St. 19

St. 20




## Skýringar:


- Endi borkjarna
- Botn borholu. Ath að stundum var borað tvisvar í sömu holu

233 cm


St. 21



St. 22



St. 23



210 cm

## Skýringar:

- Endi borkjarna
- Botn borholu. Ath að stundum var borað tvisvar í sömu holu